

samanlagður útsvarsstofn hjóna nær 462 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 8% af því sem útsvarsstofn foreldris tekjuárið 1984 fer fram úr 187 500 kr. uns hann fellur niður er útsvarsstofn foreldris nær 375 000 kr.

3. gr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 937 500 kr. uns hann fellur niður er eignarskattstofn hvors hjóna nær 1 562 500 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattstofn foreldris fer fram úr 1 250 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattstofn foreldris nær 1 875 000 kr.

4. gr.

Um barnabótaauka, þ. á m. um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 26. gr. laganna:

1. Í stað „1800 kr.“ í 1. mgr. komi: 2250 kr.
2. Í stað „360 kr.“ í 1. og 2. málslíð 2. mgr. komi: 450 kr.
3. Í stað „520 kr.“ í 7. mgr. komi: 650 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1985 vegna tekna á árinu 1984.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.